



VELHEPPNAD FLORENCE NANDAWULAU Í ÚGANDA HEFUR FENGIÐ AÐ LÁNJ EUR 250 FYRIR MILLIGÖNGU FED. HÚN BYR TIL 50 VIÐAROFNA Á DAG OG SELUR ÞÁ Á EUR 0,25 STYKKIÐ.


Myc4 stefnir að því að tryggja sambandi við 250.000 fjárfestara fyrir árslok 2008 og gefa fyrir fjárfestingum sem yrðu um 12,5 milljarðir meir en 5.000 fyrirtækjum á framtíð.

MYC4 viðskiptalíkanið

MYC4 viðskiptalíkanið var sett saman til að bæta úr því misrétti að nóg lánsfé er til fyrir stórfyrirtæki og örsmá fyrirtæki í Afríku á sama tíma og lítil og meðalstór fyrirtæki skortir fjármagn. Stórfyrirtækin fá fjármagn eins og þau þurfa hjá stórum alþjóðlegum bönkum, og örfyrirtækin fá stuðning frá kostunaraðilum fyrir milligöngu örfjármögnunarfyrirtækja sem fjölga ört.

Reynslan sýnir það hins vegar að auður ríkja heims fer eftir fjölda smáfyrirtækja sem ganga vel, en ekki eftir fjölda risafyrirtækja. Það er ástæða þess að MYC4 er staðráðið í að binda enda á neyðina í Afríku með því að efla lítil og meðalstór fyrirtæki sem fram að þessu hafa liðið fyrir það að hefðbundnar lánastofnanir hafa ekki viljað lána þeim eftir þörfum og að okurlánarar á hverjum stað hafa komið í veg fyrir að þau þrífust.


Eins og staðan er núna vinnur MYC4 efst á örfjármögnunarstiginu (upphæð > EUR 100) og neðst á miðfjármögnunarstiginu, þ.e. á sviði lítilla og meðalstórra fyrirtækja (upphæð < EUR 100.000). Ekki eru veitt lán til þeirra allra fátækustu, heldur til aðila sem þegar hafa komið sér upp smárekstri eða fyrirtækjum en þurfa lánsfé til að spjara sig. Þegar fram líða stundir verða lán veitt til stærri hluta miðsviðsins.



“MÍÐJUNA VANTAR“
Fjármögnun er til reiðu fyrir stórfyrirtæki og örfyrirtæki, en síður fyrir smáfyrirtæki í þróunarlöndunum

MYC4 kerfið

MYC4 kerfið byggist á tenglaneti miðlara á hverjum stað, sem meta lánsúmsækjendur, og lánveitenda á hverjum stað sem sjá um lánveitingarnar. Öll fyrirtæki, sem óska eftir lánveitingu undirgangast ítarlegt rannsóknarferli til að kanna hvort vaxtarmöguleikarnir eru fullnægjandi, áður en þau eru úrskurðuð hæf sem fjárfestingarkostir samkvæmt MYC4 kerfinu. Það heyrir til tilhlýðilegri aðgát að kanna forsögu umsækjandans, hvaða orð fer af honum, allt undanfarandi ferli og hvort umsvif hans stangast á einhvern hátt á við sýn og hlutverk MYC4.



Fjárfestir getur fest fé í einu fyrirtæki eða eins mörgum og hann kys. Fjárfestar geta fjárfest sem einstaklingar, teymi/hópar eða fyrirtæki/stofnanir. Í MYC4 kerfinu er hægt að sjá öll fyrirtæki sem opin eru fyrir tilboðum ásamt lýsingu á hverju þeirra, lánsfjárförf og hámark þeirra vaxta sem umsækjandi getur greitt. Tilboðsferlið byggist á hollensku uppboðsaðferðinni, en það þýðir í rauninni að eftir því sem áhugi fjárfestisins er meiri, eftir því fær hið afríska fyrirtæki hagstæðari kjör.

Viðskiptalíkanið byggist eingöngu á lánveitingagjöldum. Fjárfestingar í kerfinu eru ókeypis, og afrísk fyrirtæki þurfa ekki að greiða neitt þegar þau leita eftir lánum því viðskiptalíkanið byggist á reglunni "engin viðskipti – engin greiðsla. MYC4 tekur greiðslur fyrir að leggja til skipulagið og innviðina fyrir lánveitingarnar. Afrísku fyrirtækin verða að greiða fast hlutfall, sem er 2% af lánsupphæðinni, en ekki fyrr en lánið er greitt út. Þegar lánið er endurgreitt verður fyrirtækið að greiða til viðbótar 2% af endurgreiðslunni vegna silækkandi höfuðstóls (declining balance).

Markaður sem leiðréttir sig sjálfur

Þetta viðskiptalíkan tryggir að allir hagnast: lántakendur fá kjör sem þeir ráða við; fjárfestarnir hagnast á vöxtunum; og MYC4 fær 3% frá hverjum lántakanda á lánstímanum. Miðlarinn og lánveitandinn taka einnig greitt fyrir þjónustu sína. Vegna eðlis kerfisins, með opnum tilboðsferlum, tryggir líkanið að markaðurinn leiðréttir sig að lokum en það hvetur lántakendur og miðla til að standa sig vel, og fjárfestana til að bjóða hagstæða vexti.

Greitt er af lánunum mánaðarlega, og fyrirkomulagið örvar lántakendurna til að greiða eins fljótt og þeir geta vegna þess að vextirnir eru reiknaðir af silækkandi höfuðstóli. Ef greitt er á gjalddaga eða fyrr verður ferill greiðandans gagnvart MYC4 hagstæður, en það greiðir fyrir því að hann geti sótt um hærra lán næst.

Allri fjárfestingu fylgir áhætta og engin trygging er fyrir því að fjárfestar hagnist. Hins vegar tryggir matsferlið að fyrirtækin sem valin eru séu traust og að horfurnar séu góðar hvað varðar sjálfbærni, endurgreiðslur og arð af fjárfestingum. Meðalarður til fjárfesta fyrir árið 2007 var 11,7%.

Öll lán eru veitt í evrum. Stundum er hægt að fá lán í gjaldmiðli viðkomandi svæðis, en það er háð upphæðum.

Gegnsæi

Gegnsæi fjárflæðis innan MYC4 er hagsmunamál allra sem málið snerta. Þar af leiðandi leitast MYC4 ekki aðeins við að tryggja fullkomið gagnsæi og ábyrgð á öllum sviðum og aðgerðum innan MYC4 viðskiptalíkansins, heldur hefur einnig verið komið upp gæðakerfi, samsvörunarkerfi og ferlum til að tryggja sjálfbærni á öllum stigum.

Meðalafgreiðslutími lána hjá MYC4 er 14 dagar – frá því lántakandinn upphleður umsókn sína og þar til upphæðin er millifærð. Tilboðsferlið hefst með EUR 15. Meðalupphæð fjárfestinga er EUR 342 og hæsta fjárfestingin fram að þessu er EUR 250.000. Endanleg lán eru oft þannig til komin að nokkrir fjárfestar taka sig saman og bjóða vexti sem lántakandinn treystir sér til að standa undir.

Uppbygging afkastagetu og stækkunarmöguleikar

Í samræmi við áætlanir fyrir uppbyggingu starfseminnar á meginlandi Afríku hefur MYC4 lagt áherslu á að þjálfa miðlara og atvinnurekendur, og er það þáttur í styrkja- og fjárveitingaprógrammi sem þróað hefur verið til að efla færni í atvinnurekstri meðal afrikumanna.

MYC4 starfar nú þegar í Úganda, á Filabeinsströndinni og í Kenýa, en áætlanir eru um að færa út kvíarnar og hefja rekstur í Tanzaníu, Rwanda, Ghana og Senegal á árinu 2008. Unnið er að því að kanna hagkvæmni nýrra lánategunda, eins og lána til að koma af stað rekstri, landbúnaðarlána, lána með föstum vöxtum, áhættulána og -skuldabréfa á árunum 2009 og 2010. MYC4 vinnur með stofnunum utan opinbera geirans (NGOs) en starfar ekki á hamfarasvæðum.

Til að tryggja það að hægt verði að stækka viðskiptalíkanið og að fá í viðskipti eins mikið af traustum afrískum fyrirtækum og þörf er á, hyggst MYC4 laða að sér þekktar fjármálastofnanir og fá þær til að starfa sem MYC4 lánveitendur, og óopinber fyrirtæki til að vinna sem miðlarar. Auk þess mun MYC4 snúa sér til alþjóðlegra fyrirtækja sem eru með starfsemi í Afríku til að fá þau til að taka að sér hlutverk miðlara og lánveitenda sem hluta af CSR starfi þeirra eða sem hluta af fjárfestingu þeirra í eigin framboðslínu.

Viðskiptalíkan MYC4 hefur verið reynslukeyrt í Danmörku, enda eru flestir fjárfestarnir danskir. Ætlunin er að færa út kvíarnar til Íslands, Svíþjóðar og Hollands á árinu 2008. Frá og með árinu 2009 mun MYC4 einnig vera með starfsemi í Bandaríkjunum.

MYC4

Vegna þess að viðskipti eru eitt beittasta vopn sem til er gegn fátækt í heiminum, hefur MYC4 útbúið og látið fjárfestum í té öflugt verkfæri til að stofna og styðja við ný fyrirtæki og nýjungar í viðskiptaháttum í Afríku. MYC4 beinir fjármagni til "ófjármagnanlegra" verkefna og kemur á sambandi fólks sem hefur áhuga á viðskiptum með bestu markaðskjörum. Internetið er sá hvati til breyttra háttá sem mest munar um.

MYC4 leitast við að verða vettvangur þar sem saman kemur fjármagn, einstaklingar og þekking. Markmiðið er að koma á sjálfbærum viðskiptaháttum í Afríku.

Markmið MYC4 er að verða fyrsta fyrirtækið í heiminum sem verður í eigu allrar heimsbyggðarinnar. Í rauninni þýðir það að hluthafarnir yrðu ekki færri en 6,6 milljarðar. MYC4 stefnir að því að ná sambandi við 25.000 fjárfesta fyrir árslok 2008 og greiða fyrir fjárfestingum sem yrðu EUR 12,5 milljónir í meira en 5.000 fyrirtækjum í Afríku.

Höfuðstöðvar MYC4 eru í Kaupmannahöfn. Komið hefur verið á fót þróunarmiðstöð fyrir upplýsingatækni í Kampala í Uganda. MYC4 A/S var stofnað í maí 2006 sem samvinnuverkefni Mads Kjær, Kjaer Group A/S, og Tim Vang.

Nánari upplýsingar veitir:

Alette Heinrich Pramming

Head of Corporate Communications

MYC4 Danmark



MYC4 A/S

Frederiksholms Kanal 4, 4.

DK-1220 København K

Danmark

Sími: +45 7026 2015

Fax: +45 4926 2015

Tölvupóstur: info@myc4.com

www.myc4.com